

Námskrá fyrir ökukennaranám til aukinna réttinda.

Viðbótarökukennaranám vegna flokkanna C, D og E.

Formáli

Námskrá þessi gildir fyrir þá nemendur sem sækja viðbótarökukennaranám vegna flokkanna C, D og E við Kennaraháskóla Íslands. Námið er skipulagt sem sjálfsnám og vettvangshjálfun og lýkur með staðfestingu á ástundun og viðveru nemenda og mati á verkefnum.

Með reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla nr. 327, 3. maí 1999 urðu þær breytingar að löggilding ökukennara er veitt til að annast kennslu fyrir einstaka flokka ökutækja (flokk B, viðbót fyrir flokk A og viðbót fyrir flokkana C, D og E). Fram að því höfðu réttindaflokkar ökukennara verið tveir, bifreiðir og viðbótarflokkur vegna bifhjóla. Réttindaflokkur fyrir bifreiðir miðaðist þó eingöngu við þá flokka bifreiða sem ökuskrteini viðkomandi heimilaði honum að stjórna. Nýbreytni þessi miðar að því að auka sérhæfingu sem stuðlar að bættri ökukennslu í viðkomandi réttindaflokkum. Námskrá fyrir allt ökukennaranám er nú til endurskoðunar, bæði grunnám vegna flokks B og viðbótarnám vegna viðbótarflokka.

I. Forkröfur

Námskeiðið stendur eingöngu til boða þeim ökukennurum sem hafa fengið löggildingu fyrir réttindaflokk B. Þeir þurfa að hafa réttindi fyrir réttindaflokkum C, D og E og skulu hafa reynslu af akstri slíkra ökutækja í a.m.k. tvö ár.

II. Gjöld

Námskostnað bera nemendur sjálfir. Vegna kostnaðar við áheyrn og æfingakennslu semja nemendur sjálfir við ökuskóla sem hefur starfsleyfi til kennslu viðkomandi ökuréttinda. Skráningar- og umsýslugjald til Símenntunarstofnunar er kr. 3.000 og greiðist fyrirfram við skráningu. Innifalið í því gjaldi er yfirferð verkefna og staðfesting á námslokum. Gjald vegna akstursmats er kr. 3.400 og greiða nemendur það beint til Umferðarráðs. Nemandi skal sjálfur leggja til ökutæki vegna akstursmatsins.

III. Námsmat

Námsmat í viðbótarnámi ökukennara byggist á verkefnum og staðfestingu ökuskóla um viðveru í áheyrn og æfingakennslu ásamt akstursmati hjá Umferðarráði í lok námskeiðs.

IV. Námskröfur vegna viðbótarréttinda fyrir ökukennara vegna réttindaflokka C, D og E.

A. Lög og reglugerðir

Nemandi þarf að vera mjög vel kunnugur öllum atriðum laga og reglugerða er lúta að akstri í þeim ökuréttindaflokkum sem hann er að afla sér kennsluréttinda til.

Nemandi skal skila einu kennsluverkefni sem tekur mið af lögum og reglugerðum (sbr. viðauka I) og er sérstaklega miðað að verklegri kennslu stórra ökutækja.

B. Bóklegt nám til aukinna ökuréttinda

Gert er ráð fyrir upprifjun á námi til aukinna ökuréttinda, ákvæðum námskrár um námið og kennslufræði stórra bifreiða.

1. Upprifjun á námsefni í stjórnun stórra ökutækja.
2. Upprifjun á námsefni í ferða- og farþegafræði.

Þessi upprifjun felur í sér að nemendur verða að sitja kennslustundir í viðkomandi greinum hjá starfandi ökuskóla. Nemandi er gert að skila stuttri greinargerð um þessa áheyrn og fá vottun viðkomandi skóla á því að hann hafi setið námskeiðin.

C. Verklegt nám til aukinna ökuréttinda

Gert er ráð fyrir að ökukennarar búi yfir góðri færni á ökutækin og kynnist í reynd kennslu á stór ökutæki með leiðsagnarkennara.

1. Áheyrn. Nemi þarf að sitja með reyndum ökukennara sem samsvarar lágmarksþjálfun eins ökunema í öllum flokkum.
2. Æfingakennsla í a.m.k. eina kennslustund með nema hjá reyndum ökukennara í öllum flokkum.
3. Akstursmat: Hæfnismat í eigin akstri með prófdómara. Nemi og prófdómari fara sameiginlega yfir aksturinn í beinu framhaldi af akstri ökutækis sem tilheyrir réttindaflokki C eða D. Markmiðið er að efla og auka raunhæft sjálfsmat nemandans og þýðingu þess.

V. Námslok

Símenntunarstofnun KHÍ metur verkefni nemenda með hliðsjón af námsmarkmiðum og ákveður hvort árangur er fullnægjandi. Þegar nemendur hafa skilað þeim verkefnum og staðfestingum sem tilgreindar eru hér að ofan staðfestir Símenntunarstofnun KHÍ námslok.

Námskráin er samþykkt af stjórn Umferðarráðs og staðfest af dómsmálaráðuneytinu 18. október 2001.

Viðauki I

Lög og reglugerðir

Umferðarlög

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Reglugerð um öskuskírteini.

Reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla.

Reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Reglur um tengingu og drátt ökutækja.

Reglugerð um merki á skólabifreiðum.

Reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis.

Reglugerð um notkun erlendra ökutækja.

Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

Reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi.

Auglýsing um takmörkun á heildarþyngd og áspunga ökutækja.

Reglugerð um skráningu ökutækja.

Auglýsing um heildarþyngd og áspunga ökutækja á þjóðvegum.

Reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

Reglugerð um öryggisráðgjafa við flutning hættulegs farms á vegum

Reglugerð um frágang á hraðatakmarkara í bifreið.

Reglugerð um ökurita sem notaðir eru sem þungaskattsmælar í ökutækjum sem skylt er að vera búin ökuritum samkvæmt reglugerð nr. 136/1995.

Reglugerð um fólksflutninga með hópþifreiðum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Reglugerð um vöruflutninga á vegum Evrópska efnahagssvæðisins.

Lög um leigubifreiðar.

Reglugerð um leigubifreiðar.

Reglur um undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar.

22. janúar 2002

Ökuskólar / ökukennarar

**Varðar námskrá fyrir ökukennaranám til aukinna ökuréttinda.
Viðbótarökukennaranám vegna flokkanna C, D og E.**

Í IV. C. Verklegt nám til aukinna ökuréttinda er gert ráð fyrir að nemi sitji með reyndum ökukennara sem samsvarar lágmarksþjálfun eins ökunema í öllum flokkum (1) og æfingakennsla í a.m.k. eina kennslustund með nema hjá reyndum ökukennara í öllum flokkum.

Þar til annað er tilkynnt verður framkvæmd þessa sem hér segir:

1. Áheyrn. Nemi þarf að sitja með reyndum ökukennara sem samsvarar lágmarksþjálfun eins ökunema í flokki D. Í flokki C og E skal reyndur ökukennari fara ítarlega yfir ferli þjálfunar með nema og hann fylgjast með undirbúningi þjálfunar og æfingum á pláni.
2. Æfingakennsla í a.m.k. eina kennslustund með nema hjá reyndum ökukennara í flokki D. Sýnikennsla í a.m.k. eina kennslustund með reyndum ökukennara í flokki C og E þar sem nema er leiðbeint um kennsluaðferðir fyrir þessa flokka og þau atriði er sérstaklega þarf að gefa gaum hjá nemum.

Holger Torp
deildarstjóri ökunámsdeildar